



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 11/2017 um afmörkun á alþjónustuskyldum Mílu ehf.

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 25. apríl 2017, óskaði Míla ehf. (Míla) eftir að Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) heimilaði að fyrirtækið yrði leyst undan alþjónustukvöð í tilteknum sveitarfélögum, í bréfi Mílu sagði m.a.:

„Með vísan til ákvæða um alþjónustu í fjarskiptalögum nr. 81/2003 hefur Póst- og fjarskiptastofnun lagt þá kvöð á Mílu að veita tengingu við almenna talsímanetið, sbr. ákvörðun PFS nr. 4/2016 og nær kvöðin til landsins alls. Í framangreindri ákvörðun er þó gert ráð fyrir að veita megí undanþágu frá landfræðilegri afmörkun gegn rökstuddri beiðni alþjónustuhafa.

Míla sækir hér með um takmörkun á landfræðilegri afmörkun alþjónustukvaðar í eftirfarandi sveitarfélögum:

*Helgafellssveit og Eyja og Miklaholtshreppur á Snæfellsnesi
Skagabyggð á Skaga
Tjörneshreppi
Ásahreppi í Rangárvallasýslu*

Míla byggir ósk sína á því að samkvæmt línubókhalddi hefur virkum kopartengingum á þessum svæðum fækkað verulega með tilkomu ljósleiðarakerfa í framangreindum sveitarfélögum. Er svo komið að aðeins eru eftir virkar heimtaugar til um 43 staðfanga (64 virkar heimtaugar) í þessum sveitarfélögum af um 307 mögulegum. Samkvæmt upplýsingum Mílu þá eru í dag aðeins 5 staðföng sem hafa virka koparheimtaug sem ekki hafa möguleika á ljósleiðaratengingu.“

Með umsókn Mílu fylgdu einnig upplýsingar um fjölda tenginga í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

II. Málsmeðferð

1.

Almennt

Í framhaldi af umsókn Mílu ritaði PFS bréf til þeirra sveitarfélaga sem og forsvarsmanna hina nýju aðgangsneta, á þeim stöðum þar sem Míla óskaði eftir undanþágu frá kvöð um alþjónustu. Í bréfinu komst stofnunin svo að orði:

„Ástæða erindis Mílu er einkum tilkoma ljósleiðaranets í þeim sveitarfélögum sem byggt hefur verið upp samhliða því neti sem Míla hefur rekið. Þessi uppbygging hefur leitt til þess að þeim hefur fækkað umtalsvert sem kaupa aðgang að þjónustu Mílu.

Þá er einnig rétt að geta þess að engin skylda er að útnefna fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskuldur heldur skal slíkt einungis gert ef talið verður nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þjónustunni verður ekki viðkomið ef tekið er mið af viðskiptasjónarmiðum. Að uppfylltum þessum skilyrðum getur PFS mælt svo fyrir um að fjarskiptafyrirtæki skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu.¹ Einnig eru í gildi aðrar takmarkanir, að því er varðar skyldu til að veita aðgang, t.d. ef stofnkostnaður við að veita einstökum notenda þjónustu fer yfir 650.000 (án vsk.), getur alþjónustuhafi neitað að veita þjónustuna nema viðkomandi greiði þann kostnað sem umfram er.

Áður en stofnunin tekur endanlega afstöðu til erindis Mílu telur stofnunin nauðsynlegt að afla eftirfaranda upplýsinga um rekstur þess ljósleiðaranets sem Míla vitnar til og þér/þið eruð í forsvari fyrir. Þær upplýsingar sem stofnunin telur sig þurfa snúa í fyrsta lagi að útbreiðslu ljósleiðaranetsins, í öðru lagi hvort að allir eigi ekki kost á að tengjast því og í þriðja lagi hvernig uppbyggingu ljósleiðaranetsins verður háttáð í framtíðinni með tilliti til útvíkkunar þess t.d. vegna framþróunar byggðar:

- 1. Nær ljósleiðaranetið, sem byggt var upp innan sveitarfélagsins, til allra lögheimila/fyrirtækja með heilsársstarfsemi innan þess?*
- 2. Ef öll lögheimili/fyrirtæki voru ekki tengd við ljósleiðarann, sbr. lið 1., er óskað eftir að tilgreindir verði með tæmandi upptalningu öll þau lögheimili/fyrirtæki með heilsársstarfsemi sem ekki njóta þjónustu með tilvísun til götu- og/eða bæjarheitis ásamt hnitánúmeri.*
- 3. Óskað er eftir upplýsingum um ástæður þess að umrædd lögheimili/fyrirtæki, sbr. lið 2., voru ekki tengd við uppbyggingu ljósleiðaranetsins?*
- 4. Hversu margir af þeim sem eiga þess kost að tengjast ljósleiðaranetinu hafa gert það í dag?*
- 5. Gefst lögheimilum/fyrirtækjum, sbr. lið 2., kostur á því að fá tengingu gegn einhverju tilteknu gjaldi?*

¹ Sjá nánar VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003

6. *Upplýsingar um kostnað (stofngjald) heimila/fyrirtækja við að tengjast netinu nú?*
7. *Reglur/samþykktir sveitarfélagsins, ef til eru, þar sem fjallað er um framtíðaruppbyggingu ljósleiðaranetsins.*
8. *Hafa verið sett gæðaviðmið varðandi rekstur netsins, t.d. viðbragðstími vegna bilanna?*
9. *Hver eigandi ljósleiðarnetsins er í sveitarfélaginu? Ef eignarhaldið er dreift óskast upplýsingar um hvernig því sé skipt? "*

Einnig var óskað eftir afstöðu sveitarfélagana um niðurfellingu þeirrar kvaðar sem hvílir á Mílu um að veita alþjónustu.

Svör bárust frá öllum þeim sveitarfélögum sem óskað var eftir að gæfu umsögn. Hér á eftir er að finna samantekt á þeim svörum sem bárust:

Spurningar 1-3.

Í svörum sveitarfélaganna kom fram að öll lögheimili og fyrirtæki í viðkomandi sveitarfélögum hefðu verið tengd hinu nýja neti.

Spurning 4.

Samkvæmt þeim svörum sem bárust hafði nýtt aðgangsnét verið lagt til allra lögheimila sem og fyrirtækja í sveitarfélögunum. Fjöldi þeirra sem höfðu síðan keypt aðgang að netinu var frá tæpum 70% og allt upp í 100%. Til samanburðar þá kom fram í umsókn Mílu að 64 heimtaugar væru nú virkar hjá félaginu af um 307 heimtaugum í þessum sveitarfélögum.

Spurningar 5-6.

Í tveimur sveitarfélögum hafði ekki verið tekið sérstakt stofngjald við að tengja lögheimili eða fyrirtæki við hið nýja net. Í tveimur sveitarfélögum var lagt á stofngjald upp á 165.000 kr. og 186.000, með vsk. Í hinu fimmta var miðað við raunkostnað á hverja tengingu, háð vegalengd.

Spurning 7.

Sveitarfélögin höfðu yfirlitt ekki sett sértakar reglur um framtíðaruppbyggingu netsins.

Spurning 8.

Rekstur netanna var í höndum þriðja aðila samkvæmt sérstökum samningi þar um þar sem t.d. var kveðið á um að skylt væri að sinna nýjum tengingum ásamt því að sinna þeim bilunum sem kunna að verða á kerfinu.

Engar upplýsingar bárust um að sett hefðu verið sérstök gæðaviðmið í þessum sambandi.

Spurning 9

Eigendur netsins voru sveitarfélögin sjálf en í einu tilviki hafði verið gerður kaupleigusamningur við Mílu til 15 ára og að honum loknum verður Míla eigandi hins nýja nets.

Í engum af þeim umsögnum sem bárust stofnuninni settu sveitarfélögin sig upp á móti því að alþjónustukvöð Mílu yrði felld niður, innan marka sveitarfélagsins, og/eða til þeirra lögheimila/fyrirtækja sem talin voru upp í umsókn Mílu.

III. Niðurstaða

1. Almennt

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 4/2016, var Míla útnefnt með kvöð um að veita tengingu við almenna talsímanetið og nær kvöðin til landsins alls. Kvöðin var fyrst sett á Mílu, með ákvörðun PFS nr. 25/2007. Fyrir þann tíma hvíldi kvöðin á Símanum hf. og forverum þess fyrirtækis.

Í ákvörðun PFS er m.a. vikið að því í umfjöllun um rétt almennings til alþjónustu að ekki er eingöngu um að ræða rétt til aðgangs að hinu almenna fjarskiptaneti, heldur þurfi fjarskiptaþjónusta, sem fellur undir alþjónustu, að uppfylla ríkar kröfur um gæði, s.s. um uppítíma þjónustunnar og viðbragðstíma viðgerða vegna bilana. Að mati PFS var því ekki nóg að horfa til þess hvort að heimili eða vinnustaður hafi aðgang að annarri heimtaug þegar metið er hvort þörf sé á að viðhalda kvöð Mílu um að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

2. Inntak alþjónustukvaðarinnar

2.1. Almenn

Í gildandi alþjónustuútnefningu er kvöðin á Mílu orðuð með eftirfarandi hætti:

„Míla ehf. skal útvega og viðhalda aðgangi að tengingu við almenna fjarskiptanetið um nettengipunkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 og bera við það kostnað innan þeirra marka sem nemur ósanngjarnri byrði, en þó að hámarki 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. (án vsk.) skal Míla verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000 kr.m auk almenns stofngjalds samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.“

Samkvæmt ofangreindu gat kostnaður Mílu við lagningu nýrrar heimtaugar eða við viðhald eldri heimtaugar aldrei farið yfir 650.000 kr., sbr. til hliðsjónar ákvörðun PFS nr. 5/2016, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 4/2016.

2.2. Landfræðileg afmörkun

Jafnframt var kveðið á um að hægt væri að draga úr landfræðilegri afmörkun kvaðarinnar. Tilgangur þess var fyrst og fremst að draga úr, eftir því sem kostur væri, að Míla væri skyldug til að reka net undir merkjum alþjónustu þar sem notendur höfðu aðgang að öðru neti, um það sagði PFS:

„Landfræðileg afmörkun

Útnefningin á alþjónustukvöðinni nær til landsins alls. PFS getur þó fallist á að tilefni geti verið til þess að kanna hvort grundvöllur sé fyrir alþjónustukvöð í tilteknum sveitarfélögum landsins og svæðum sem uppfylla ákveðin skilyrði. Grundvallarforsenda og skilyrði fyrir slíkri athugun er að til staðar sé annað

aðgangsnnet fyrir fastanetstengingar sem standi öllum lögheimilum og vinnustöðum til boða. Takmörkun á umfangi alþjónustukvaðar getur því komið til skoðunar hjá tilgreindum sveitarfélögum og svæðum að undangenginni umsókn þar um, en þá aðeins að því gefnu að skilyrði um annað aðgangsnnet fyrir fastanetstengingar sé til staðar sem standi öllum lögheimilum og vinnustöðum til boða....“

Taldi stofnunin síðan upp nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni þar sem þessar aðstæður gætu mögulega verið til staðar.

Einnig tiltók stofnunin að takmörkun á landfræðilegu umfangi kvaðarinnar myndi þýða að félagið væri um leið að afsala sér rétti til að sækja um mögulegt framlag úr jöfnunarsjóði vegna starfsemi á viðkomandi svæði, ákveði félagið engu að síður að halda starfsemi áfram á því svæði þrátt fyrir afléttingu kvaðar þar um.

2.3.Tenging við fastanet

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu á sviði fjarskipta nr. 1356/2007, er fjallað um að PFS skuli skylda a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki til að verða við öllum sanngjörnum umsóknum um aðgang að almennu fjarskiptaneti um nettengipunkt.² Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar er að finna nánari útlistun á skyldum og réttindum alþjónustuhafa og notenda., en þar segir:

„Fjarskiptafyrirtæki sem skylt er að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu skal verða við beiðni umsækjanda um tengingu ef lögn er fyrir hendi á þeim stað þar sem tengingar er óskað. Einnig skal verða við beiðni umsækjanda um tengingu, þó að leggja þurfi línu, ef eitt af eftirfarandi skilyrðum hefur verið uppfyllt:

a) Umsækjandi um tengingu fyrir heimili hefur sýnt fram á að hann á lögheimili á viðkomandi stað og gefið út yfirlýsingu um að hann hyggist eiga þar fasta búsetu í a.m.k. eitt ár eftir að umsókn er lögð inn.

b) Umsækjandi um tengingu fyrir lögaðila hefur sýnt fram á að hann sé löglega skrásettur á þeim stað, þar sem óskað er eftir tengingu og gefið út yfirlýsingu um starfsemi þar í a.m.k. 1 ár eftir að umsókn er lögð inn.

c) Umsækjandi hefur sýnt fram á að sími er nauðsynlegur á viðkomandi stað til að tryggja öryggi almennings.“

Með orðalagi kvaðarinnar í fyrstu málsgrein, um að útvega og viðhalda aðgangi að tengingu er átt við að núverandi tengingum sé viðhaldið, með viðgerðum eða eftir atvikum útskiptingu einstakra tenginga vegna bilana eða skemmda, og nýlagningu tenginga í nýjum húsbyggingum og/eða hverfum. Með þeirri útnefningu sem gildir í dag er því ekki átt við að almenn endurnýjun á heimitaugum á viðskiptalegum grundvelli falli undir kvöðina.

Sá almenni fyrirvari er gerður í 3. mgr. að skylda alþjónustuveitanda um að útvega tengingu taki ekki til svæða þar sem ekki er gert ráð fyrir fastri búsetu, svo sem sumarbústaðasvæði eða frístundabyggð. Þó að skylda alþjónustuveitanda til að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið sé að meginreglu bundin við lögheimili þá útilokar það að sjálfsögðu ekki að

² Í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er nettengipunktur skilgreindur á eftirfarandi hátt: „Efnislegur tengipunktur þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti.“

eigendur frístundahúsa geti fengið aðgang að tengingu á þeim stöðum sem farið verður í uppbyggingu. Eigendur frístundahúsa verða hins vegar að greiða allan kostnað sjálfir.

3.

Um beiðni Mílu

3.1. Almennar forsendur fyrir afléttingu alþjónustukvaðar

Í erindi sínu fer Míla fram á að vera leyst undan alþjónustuskyldu í tilteknum sveitarfélögum. Aðalröksemd fyrirtækisins er að í þessum sveitarfélögum hafa verið byggð upp ný ljósleiðaranet, með stuðningi opinbera aðila, þ.e. fjarskiptasjóðs. Þá tiltók Míla að allir í viðkomandi sveitarfélögum hefðu aðgang að hinu nýja neti fyrir utan 5 bæi og tiltók Míla þá bæi sérstaklega. Jafnframt upplýsti fyrirtækið að það hefði ekki staðfestar upplýsingar um hvernig tengingum væri háttað á Tjörnesi.

Í tengslum við endurskoðun á gildandi alþjónustukvöðum tók stofnunin saman almenn skilyrði sem stofnun hygðist hafa til hliðsjónar við mat á því hvort forendur væru til staðar til þess að aflétta alþjónustukvöð Mílu svæðisbundið. Um var að ræða eftirfarandi skilyrði:

1. Hið staðbundna net hefur a.m.k. 90% útbreiðslu til lögheimila og vinnustaða með heilsárs atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.
2. Tengihlutfall staðfanga (lögheimili/vinnustaðir) við Mílu ehf. innan sveitarfélagsins er komið undir 50%.
3. Í þeim tilvikum sem Míla ehf. eða eitthvað annað fjarskiptafyrirtæki hyggist ekki útvega tengingu bjóðist öllum fyrirliggjandi og nýjum lögheimilum og vinnustöðum með heilsárs búsetu/atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu að fá tengingu við hið staðbundna ljósleiðaranet gegn einskiptis tengigjaldi sem er ekki hærra en 350.000 kr., enda er kostnaður við lagningu heimtaugarinnar ekki umfram 1.000.000 kr.
4. Tölur um kostnað í lið 3. uppfærast í upphafi hvers árs í samræmi við verðlagsþróun.

Markmiðið með viðmiðunum var m.a. að skapa jafnvægi á milli eftirspurnar og framboðs á þjónustu, draga úr ósanngjörnum kostnaði innan alþjónustu á útnefndum alþjónustuveitanda sem og að tryggja ákveðin lágmarksréttindi neytenda og þar með val á þjónustuveitanda. Enn fremur eru viðmiðin til þess fallin að meta hvort hætta sé á verulegu þjónusturofi innan sveitarfélags komi til þess að alþjónustukvaðir séu felldar niður innan þess.

PFS setti skilyrðin í samráð og kallaði eftir athugasemdum mögulegra hagsmunaaðila. Að lokinni yfirferð yfir þær athugasemdir sem bárust taldi stofnunin ekki tilefni til að breyta þeim almennu viðmiðum sem kynnt höfðu verið sem stofnunin hyggst hafa til hliðsjónar við ákvörðunartöku um niðurfellingu alþjónustukvaðar.³

³ Niðurstöðu samráðsins má finna á heimasíðu PFS:

<https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2017/08/18/Vidmid-um-landfraedilegt-umfang-althjonustu-i-fjarskiptum-Nidurstada-samrads/>

3.2. Almenn um útbreiðslu staðbundnu netanna

Við meðferð málsins var kallað eftir upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélögum um hvort hin nýju net, sem Míla vísaði til næðu til allra lögheimila og fyrirtækja, hvort tekið væri stofngjald, áform um framtíðaruppbygginu netsins, hvernig gæðum þjónustu væri háttáð og um eignarhald á viðkomandi neti.

Hér fyrir neðan má sjá samantekt úr svörum sveitarfélaganna:

Útbreiðsla

Sveitarfélag	Heildafjöldi staðfanga ⁴	Þjónusta nær til	Útbreiðsla
Ásahreppur	92	Allra	100%
Eyja og Miklaholtshreppur	79	Allra	100%
Helgafellssveit	53	Allra	100%
Skagabyggð	51	Allra	100%
Tjörneshreppur	32	Allra	100%

Samkvæmt upplýsingum sveitarfélaganna hefur upptaka almennt verið góð og allt upp í 100% í sumum sveitarfélögum.

3.3. Einstök staðföng sem ekki búa við ljósleiðaratengingu

Eins og fram kemur hér að ofan tiltók Míla 2 bæi í Ásahreppi: Lindarbær og Miklagarð, sem ekki hafa aðgang að hinu nýja ljósleiðaraneti í hreppnum. Einnig tiltók Míla 3 bæi í Eyja- og Miklaholtshreppi, Gerðuberg, Hrútholt og Lágafell, sem ekki hafa aðgang að hinu nýja ljósleiðaraneti í hreppnum.

Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni PFS um fjarskiptainnviði hefur enginn lögheimili að Lindarbæ og Miklagarði í Ásahreppi og því hefur ekki verið lagður nýr strengur í þessa bæi.

Hrútholt og Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi eru hins vegar merkt með aðgang að ljósleiðara samkvæmt þeim upplýsingum sem sendar hafa verið inn í innviðagagnagrunn PFS. Hins vegar er Gerðuberg ekki skilgreint sem lögheimili í gögnum frá Þjóðskrá.

Einnig liggja fyrir upplýsingar í innviðargrunninum um að allir íbúar í Tjörnesi hafi verið tengdir við hið nýja ljósleiðaranet í hreppnum.

Af ofangreindu verður ekki dregin önnur ályktun en að öll þau staðföng, þar sem er búseta hafi verið séu í dag tengd við hin nýju ljósleiðaranet í þeim sveitarfélögum sem umsókn Mílu nær til.

3.4. Tengihlutfall Mílu

Undir meðferð málsins kallaði PFS eftir upplýsingum frá Mílu um hversu mörg heimili (staðföng) hefðu ennþá aðgang að fjarskiptaþjónustu í gegnum aðgangsnét fyrirtækisins í þeim

⁴ Hér er miðað er við sama fjölda staðfanga og fram kemur í umsókn Mílu. Vera kann að hinn staðbundnu net séu í einhverjum tilvikum tengd við fleiri aðila, t.d. frístundahús.

sveitarfélögum sem sótt er um niðurfellingu á alþjónustukvöð fyrirtækisins. Í svari fyrirtækisins kom eftirfarandi fram:

Tengihlutfall við net Mílu

Sveitarfélag	Heildafjöldi staðfanga	Virkar kopar tengingar Mílu	Tengihlutfall
Ásahreppur	92	13	14%
Eyja og Miklaholtshreppur	79	29	37%
Helgafellssveit	53	9	17%
Skagabyggð	51	2	4%
Tjörneshreppur	32	9	28%

Af ofangreindu verður ekki dregin önnur ályktun en að staða fjarskipta í þessum sveitarfélögum, að því er varðar aðgang að fjarskiptanetum er innan þeirra viðmiða sem PFS kynnti í samráði sem vísað er til hér að ofan. Er þá bæði tekið mið af útbreiðslu hinna nýju aðgangsneta, sem í öllum tilvikum ná til allra lögheimila og fyrirtækja í viðkomandi sveitarfélögum. Tengihlutfall Mílu er einnig í flestum tilfellum komið verulega niður fyrir þau 50% sem miðað er við í hinum almennu skilyrðum, sbr. niðurstaða samráðs PFS sem birt var þann 18. ágúst s.l.

Kostnaður notenda við að tengjast hinum nýju netum er einnig vel undir settum viðmiðunum í 3. tl.

Útbreiðsla hinna nýju neta, kostnaður við að tengjast þeim, sem og tengihlutfall Mílu styður því við umsókn Mílu um að rétt sé að fella alþjónustukvöð fyrirtækisins niður í þeim sveitarfélögum sem umsóknin nær til.

4.

Um útnefningu á alþjónustuveitanda

Samkvæmt framangreindu er framboð á tengingum við almenna fastanetið í viðkomandi sveitafélögum með þeim hætti að ekki eru forsendur til að leggja sérstaka kvöð á Mílu, á grundvelli lagákvæða um alþjónustu, um að útvega lögheimilum og vinnustöðu tengingar við grunnnetið. Af þessum forsendum leiðir jafnframt að ekki sé tilefni til að útnefna tiltekið fjarskiptafyrirtæki sem alþjónustuveitanda í umræddum sveitarfélögum, a.m.k. ekki að svo stöddu.

Hins vegar ber að gæta að því að alþjónusta í fjarskiptum felur meira í sér en eingöngu að útvega tengingu við almenna fastanetið. Til dæmis er eitt megininntak alþjónustu að almenningur eigi aðgang að talsímaþjónustu. Kvöð um að útvega talsímaþjónustu var hins vegar lögð af með ákvörðun PFS nr. 30/2013, þar sem talið var að fullægjandi framboð af talsímaþjónustu væri fyrir hendi á samkeppnislegum forsendum á landinu öllu. Þróun framboðs af þjónustuþáttum sem falla undir alþjónustu kann því að hafa áhrif á það hvort í framtíðinni kunní skapast þörf á því að útnefna tiltekin alþjónustuveitanda til að sinna þeirri þjónustu, m.a. í þeim sveitarfélögum sem nú er verið að aflétta alþjónustukvaðir í.

Þá þarf að taka tillit til þess að tilteknar gæðakröfur gilda um alþjónustu sem fela m.a. í sér atriði um:

- Aðgang að þjónustunúmeri (til að tilkynna bilanir, afgreiða pantanir og þess háttar),
- Afhendingartíma þjónustupantana,
- Biðtíma vegna viðgerða,
- Svartíma í neti (e. Call set-up-time).

Framangreind atriði fela ekki í sér tæmandi upptalningu á þeim gæðakröfum sem gilda um alþjónustu. Þessar kröfur eru skilgreindar og taldar upp í sérstöku skjali sem PFS hefur gefið út.⁵ PFS telur að þó svo að kvöð sé felld niður um að útvega tengingu við almenna grunnetið þurfi fjarskiptafyrirtæki sem bjóða upp á þjónustubætti sem falla undir alþjónustu að horfa til þessara gæðakrafna. Þetta gildir líka um staðbundið fjarskiptanet sem kann að vera í eigu sveitarfélags.

PFS hyggst á næstunni endurskoða umræddar gæðakröfur sem munu áfram vera leiðbeinandi um þjónustugæði alþjónustu, þar sem sérstök alþjónustukvöð hefur verið felld niður. Þróist mál með þeim hætti að misbrestur verði á því að viðeigandi gæðakröfur séu uppfylltar getur það leitt til þess alþjónustuveitandi verði að nýju útnefndur innan sveitarfélags. Meðal þess sem þá kæmi til skoðunar er hvort slík skylda yrði mögulega lögð á staðbundið fjarskiptanet innan sveitarfélags.

5.

Um tilkynningarfrest

Til viðbótar kvöð um að útvega tengingu samkvæmt reglum um alþjónustu, hvíla á Mílu nokkrar kvaðir samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014, *um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimtaugum (M4) og bitastraumi (M5)*. Ein af þeim er tilkynningarskylda Mílu vegna svokallaðrar tæknilegrar yfirfærslu (e. migration). Um þetta segir í ákvörðun PFS:

„Þær kvaðir sem nú hvíla á Mílu um aðgang að koparheimtaugum skulu ekki falla niður þó Míla breyti uppbyggingu kerfa sinna yfir í næstu kynslóðar net, t.d. ef ljósleiðaralögn kemur í stað koparheimtaugar (e. migration), nema að samkomulag um feril yfirfærslunnar hafi verið náð og leigjandi heimtaugarinnar sé þar með í stakk búinn til að taka við nýrri gerð heimtaugar í stað þeirrar eldri þegar yfirfærslan á sér stað. Náist ekki slíkt samkomulag skal Míla tilkynna markaðsaðilum allar breytingar á fyrirkomulagi heimtaugaaðgangs sem líklegar eru til að breyta samkeppnishæfni fyrirtækja á markaðnum með 5 ára fyrirvara.⁶ Víkja má frá framangreindum tímafresti að fengnu fyrirfram samþykki PFS. Ef beiðni Mílu um slíka undanþágu er talin eðlileg og málefnaleg mun PTA efna til samráðs meðal hagsmunaaðila. Ef engar efnislegar athugasemdir koma fram og hagsmunaaðilar hafa aðgengi að staðgönguvörum og verða ekki fyrir óþarfa tjóni vegna flutnings milli kerfa mun PFS samþykkja slíka undanþágu.“

⁵ Lágmarkskröfur til alþjónustu:

https://www.pfs.is/upload/files/PFS_Gæðaviðmið_alþjónusta_fjarskipti_21.10.2010.pdf

⁶ Commission Recommendation of 20 September 2010 on regulated access to Next Generation Access Networks (NGA) - bls. 43. Sjá ennfremur BEREC Common Position on best practice in remedies for wholesale (physical) network infrastructure access (including shared or fully unbundled access) at a fixed location imposed as a consequence of a position of significant market power in the relevant market – bls. 18.

Þó að þessar aðstæður eigi ekki beint við þykir PFS eðlilegt að haft sé hliðsjón af því fyrirkomulagi sem þarna er fjallað um þegar gerðar eru breytingar á fyrirkomulagi nethögunar hjá Mílu. Hér er staðan hins vegar sú að Míla vill mögulega loka sínu neti alfarið vegna þess að til staðar er annað aðgangsnét, sem notendur hafa tengst við, sem er ekki hluti af fjarskiptakerfum Mílu. Ef Míla hyggst loka aðgangsneti sínu á þeim stöðum sem alþjónustuskylda fyrirtækisins hefur verið felld niður skal Míla tilkynna leigjanda heimtaugar um þá fyrirhuguðu ráðstöfun og hafa samráð við hann um tímasetningu lokunar. Að jafnaði skal lokun eiga sér stað eigi síðar en 6 mánuði frá því tilkynning um lokun var send. Takist ekki samkomulag um tímasetningu lokunar er hægt að bera ágreining um það undir PFS.

Ástæða hins tiltölulega stutta frest er einkum sú að til staðar er staðgönguvara sem fyrirtæki geta fengið aðgang að. Einnig liggur fyrir, að ein af ástæðum þess að alþjónustuskylda er lögð niður á umræddum svæðum, er sú, að tiltölulega fá fyrirtæki og þar með notendur eru að nýta sér aðgang að koparheimtaugum Mílu. Í því ljósi væri ósanngjarnt að kveða á um langan og íþyngjandi tilkynningarfreist um lokun fyrir aðgang. Þá liggur einnig fyrir að sveitarstjórnir í viðkomandi sveitarfélögum hafa ekki sett sig upp á móti því að alþjónustuskylda Mílu yrði felld niður.

6.

Niðurstaða

Eins og vikið er að hér að ofan hafa hin nýju aðgangsnét verið lögð til allra lögheimila sem og fyrirtækja í þessum sveitarfélögum. Hlutfall þeirra sem hafa keypt aðgang að fjarskiptaþjónustu í gegnum hin nýju net er allt að 100%.

Þá liggur fyrir að tengihlutfall Mílu eru komin langt undir þau viðmið sem stofnunin áætla að miða við í framtíðinni við afmörkun alþjónustukvaða hér á landi, sbr. niðurstaða samráðs PFS sem vísað er til hér að framan.

Jafnframt telur PFS rétt að miða við 6 mánaða tilkynningarfreist af hendi Mílu til viðsemjanda sinna ef fyrirtækið ákveður að leggja aðgangsnetið niður í viðkomandi sveitarfélögum. Heimilt er að loka fyrr ef viðsemjandi Mílu samþykkir það.

Með vísun til ofangreinds er umsókn Mílu, dags. 25. apríl 2017, um undanþágu frá þeirri skyldu að veita alþjónustu í sveitarfélögum Helgafellssveit og Eyja og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi, Skagabyggð á Skaga, Tjörneshreppi á Norðurlandi Eystra og Ásahreppi í Rangárvallasýslu samþykkt.

Ákvörðunarorð

Umsókn Mílu ehf., dags. 25. apríl 2017 um takmörkun á landfræðilegri afmörkun alþjónustukvaðar í sveitarfélögunum Helgafellssveit og Eyja og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi, Skagabyggð á Skaga, Tjörneshreppi á Norðurlandi Eystra og Ásahreppi í Rangárvallasýslu, er samþykkt.

Í viðauka 1 sem birtur er með ákvörðun þessari má sjá mörk þeirra sveitafélaga sem undanþágan nær til.

Kjosi Míla, að nýta sér framangreinda takmörkun skal fyrirtækið upplýsa viðsemjendur sína um lokun aðgangsnetsins í viðkomandi sveitarfélagi með a.m.k. 6 mánaðar fyrirvara.


Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 1. september 2017

Hrafnkell V. Gíslason


Friðrik Pétursson

Viðauki 1



Skýringar

 Sveitarfélög



Heimild: Landmælingar Íslands